

Mættir:

Siggeir F. Ævarsson (bæjarskrifstofa) - formaður
Daníel Júlíusson (grunnskóli)
Halldóra Halldórsdóttir (grunnskóli)
Ólafur S. Hafsteinsson (Miðgarður og Túngata)

1. Öryggishandrið á stúku í íþróttahúsi

Nokkrar ábendingar hafa borist um slysaþættu við enda stúkunnar í íþróttahúsinu eftir breytingar. Nefndin telur brýnt að sett verði upp handrið sem fyrst, enda sé mikil slysaþætta til staðar núna, bæði fyrir gesti og starfsmenn, og í raun aðeins tímaspursmál hvenær einhver hrasar þarna niður og slasar sig. Formanni falið að koma erindinu áfram til þeirra sem málið varðar.

2. Ljósastauarar við Hópsskóla

Daníel greindi frá að vinna við lagfæringu lýsingar við Hópsskóla væri komin í ferli og vonandi yrði henni lokið fljótlega. Lýsingin á planinu væri strax orðin skárri en ekki fullkomin. Ráðgert er að skipta staurunum út með tíð og tíma, en nefndin ítrekar mikilvægi þess að perur séu í öllum staurum þangað til.

3. Vinnustaðaúttekt

Árið 2013 var farið í úttekt á vinnuaðstöðu þeirra starfsmanna Grindavíkurbæjar sem sitja mikið við vinnu sína. Úttektin var gerð af Vinnuvernd. Nefndin leggur til að slíkar úttektir verði settar í regulegt ferli til nýjir starfsmenn fái viðeigandi leiðbeiningar um uppsetningu á vinnuaðstöðu sinni.

4. Fjöldi nefndarmanna

Nefndin ræddi hvort æskilegt væri að fjölga nefndarmönnum, og fá inn fulltrúa sem vinnur alla jafna í Miðgarði.

Fleira ekki gert. Næsti fundur ákveðinn 1. mars næstkomandi kl. 13:30
Fundi slitið 14:30.